



Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár: samantekt um viðbótartillögur fyrir fossa og selalátur

**Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ester Rut Unnsteinsdóttir,
Ingvar Atli Sigurðsson, Lovísa Ásbjörnsdóttir
og Trausti Baldursson**



**Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár – samantekt
um viðbótartillögur fyrir fossa og selalátur**

**Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ester Rut Unnsteinsdóttir,
Ingvar Atli Sigurðsson, Lovísa Ásbjörnsdóttir og
Trausti Baldursson**

NÍ-20008


Garðabær, nóvember 2020



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Mynd á kápu: Útselur. Ljós. Erling Ólafsson, 30. október 2019.

ISSN 1670-0120

	Náttúrufræðistofnun Íslands Urriðaholtsstræti 6–8 210 Garðabæ Sími 590 0500 http://www.ni.is ni@ni.is	Náttúrufræðistofnun Íslands Borgum við Norðurslóð 600 Akureyri Sími 590 0500 http://www.ni.is ni@ni.is
Skýrsla nr. NÍ-20008	Dags, Mán, Ár Nóvember 2020	Dreifing Opin
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár – Samantekt um viðbótartillögur fyrir fossa og selalátur	Upplag 12	
	Fjöldi síðna 14	
	Kort / Mælikvarði	
Höfundar Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ester Rut Unnsteinsdóttir, Ingvar Atli Sigurðsson, Lovísa Ásbjörnsdóttir og Trausti Baldursson	Verknúmer 10785	
Unnið fyrir		
Samvinnuaðilar		
Útdráttur <p>Lögbundið hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands er að velja svæði á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Í apríl 2018 lagði stofnunin til að 106 svæði yrðu sett á framkvæmdaáætlun til verndar vistgerðum og/eda fuglum í neti verndarsvæða, auk sex jarðminjasvæða. Í júlí 2018 óskaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands bætti við tillögum um verndun fossa og hella, selaláttra, víðerna og heitra og kaldra linda. Tillögur fyrir þessi náttúrufræðisvæði voru lagðar fram til ráðuneytisins í maí 2019. Í framhaldi óskaði ráðuneytið eftir því, í bréfi dags. 14. janúar 2020, að 12 tillögur um verndarsvæði fossa yrðu unnar áfram fyrir framkvæmdaáætlun. Sömuleiðis yrðu tillögur um verndarsvæði fyrir seli unnar þannig að svæðin næðu yfir mikilvægustu selaláttrin í hverjum landshluta. Þá var óskað eftir því að stofnunin gerði tillögur að landfræðilegri afmörkun svæðanna og birti á vef staðreyndasíður fyrir svæðin.</p> <p>Tillögur um verndun fossa byggja á fossaskrá Náttúruminjaráðs og flokkun þeirra. Valdir voru allir fossar í efsta flokki sem ekki eru friðaðir. Við val á fossum sem ekki eru í efsta flokki var horft til landfræðilegrar dreifingar og yfirvofandi ógna. Við afmörkun svæða umhverfis fossa var almennt miðað við 200 m jaðarsvæði, ýmist út frá miðlinu ána eða frá bökkum þeirra þar sem árnar eru vatnsmiklar og breiðar. Leitast var við að gljúfur og gilbarmar sem mynda umgjörð og landslagsheild fossanna væru innan skilgreindra marka og að aðrir fossar í grennd við aðalfossinn féllu innan friðlýsingarmarka, enda væru þeir hluti af landslagsheildinni.</p> <p>Báðar selategundirnar, útselur og landselur, sem halda til við strendur Íslands eru á valista. Val svæða til verndar selum byggir á selatalningum Hafrannsóknastofnunar en selir eru taldir í látrum á hverju landsvæði og eru mörg talningasvæði innan hvers landsvæðis. Gengið var út frá tveimur meginreglum: a) að á einhverjum tímapunkti yfir talningatímabilið (frá u.þ.b. 1980 til 2018) hafi landsvæði verið með meira en 10% af heildarstofninum og að 2) látur innan talningasvæða hafi talið 100 eða fleiri seli. Alls voru lögð fram 19 svæði til verndar selum. Þar af fimm til verndar útsel. Tillögusvæðin eru mörg þau sömu og lögð voru fram í apríl 2018, sjö þeirra hafa verið stækkuð lítillega til að ná yfir mikilvæg látur. Sjö svæðanna eru ný tillögusvæði þótt um skörun við fyrri tillögur geti verið að ræða. Afmörkun selasvæða miðaði almennt við fjöruborð og 1000 m í sjó fram.</p> <p>Nýju tillögusvæðin eru nú aðgengileg í kortasjá náttúruminjaskrár (natturuminjaskra.ni.is). Staðreyndasíður greina frá hverju svæði fyrir sig, forsendum fyrir vali, aðsteðjandi ógnum og mögulegum aðgerðum til verndar.</p>		
Lykilorð Selir, fossar, náttúruminjaskrá, framkvæmdaáætlun, B-hluti, selalátur, útselur, landselur	Yfirfarið María Harðardóttir	

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	7
2 FOSSAR	7
3 SELIR	9
3.1 Mikilvæg búsvæði útsels	9
3.2 Mikilvæg búsvæði landsels	10
3.3 Svæðaval	12
4 STAÐREYNDASÍÐUR FYRIR FOSSA OG SELI	12
5 HEIMILDIR	14

1 INNGANGUR

Náttúrufræðistofnun Íslands ber samkvæmt 13. gr. laga um náttúruvernd (nr. 60/2013) að velja svæði á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár til verndar náttúruvæðum ýmiss konar. Í apríl 2018 lagði stofnunin fram tillögur að 112 svæðum sem valin voru til verndar vistgerðum, fuglum og jarðminjum (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019). Síðar, í júlí 2018, óskaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands skoðaði hvort rétt væri að bæta við nokkrum tillögum á B-hluta náttúruminjaskrár og þá sérstaklega verndarsvæðum fyrir fossa og hella, selalátur, víðerni og heitar og kaldar lindir. Voru tillögur fyrir þessi náttúruvæðing lagðar fram til ráðuneytisins í maí 2019.

Í umhverfis- og auðlindaráðuneyti voru framangreindar tillögur rýndar og þær bornar saman við upprunalegu tillögurnar með tilliti til forsendna og verklags við skilgreiningu viðmiða, forgangsroðunar og vals á svæðum og einnig framsetningar og innihalds umfjöllunar. Var það niðurstaða ráðuneytisins að tólf tillögur um verndarsvæði fossa yrðu unnar áfram fyrir framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (bréf frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dags. 14. janúar 2020). Sömuleiðis yrðu tillögur um verndarsvæði fyrir seli unnar þannig að svæðin nái yfir mikilvægustu selalátrín í hverjum landshluta. Einnig skyldi bæta við umfjöllun um víðerni og kaldar lindir þar sem það ætti við í upprunalegum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Óskað var eftir því að stofnunin ynni staðreyndasíður fyrir ný svæði þar fram kæmi lýsing á svæðum, þeim náttúruverðmætum sem í þeim felast, aðsteðjandi ógnum og hugsanlegum aðgerðum til verndar þar sem það ætti við. Jafnframt yrði gerð tillaga að landfræðilegri afmörkun nýrra svæða sem yrði aðgengileg í kortasjá stofnunarinnar. Til að koma til móts við óskir ráðuneytisins fylgir hér stutt samantekt um forsendur fyrir vali svæða sem lögð eru fram í tillögum á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár sem varða fossa og selasvæði.

2 FOSSAR

Ísland er ungt land og enn í mótun. Rofmáttur straumvatna á stóran þátt í mótun landsins og mikilfenglegustu gljúfrin eru mynduð vegna vatnsrofs. Fossar eru virk ferli landmótunar þar sem straumvatn skipar aðalhlutverk, því án þess væru engir fossar og rof berggrunnsins myndi breytast. Fossar eru einnig mikilvægir fyrir lýðheilsu mannfólks þar sem þeir skapa hughrif og eru því vinsælir áningarstaðir ferðamanna (1. mynd). Fossar og nánasta umhverfi þeirra, að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Fjölmargir fossar eru á náttúruminjaskrá og nokkrir hafa þegar verið friðlýstir. Við val á fossum var stuðst við fjölrít Náttúruverndarráðs, Fossar á Íslandi (Sigurður Þórarinnsson 1978). Þar eru tekin saman drög að fossaskrá og fossarnir flokkaðir í þrjú flokka eftir verndargildi. Tuttugu og tveir fossar eru í efsta flokki og ættu skilyrðislaust að njóta verndar samkvæmt skilgreiningu og þrjátíu í öðrum flokki en þá væri æskilegt að friða. Í dag eru fimmtán af tuttugu og tveimur fossum í efsta flokki friðaðir, einn er innan fyrirhugaðs hálandisþjóðgarðs en sex standa eftir.

Hér er lagt til að 12 fossasvæði verði friðuð (1. tafla, 2. mynd). Svæðin ná yfir þá sex fossa sem eftir standa úr efsta flokki í fossaskrá Náttúruvernarráðs, sjö fossa úr öðrum flokki og loks eru tvö svæði með fossum sem ekki eru í skránni. Við val á fossum sem ekki eru í efsta flokki var horft til landfræðilegrar dreifingar og yfirvofandi ógna. Við afmörkun svæða umhverfis fossa var miðað við 200 m jaðarsvæði, ýmist út frá miðlínu ána eða frá bökkum þeirra þar sem árnar eru vatnsmiklar og breiðar. Leitast var við að gljúfur og gilbarmar sem mynda umgjörð og landslagsheild fossanna væru innan skilgreindra marka og að aðrir fossar í grennd við aðalfossinn féllu innan friðlýsingarmarka, enda væru þeir hluti af landslagsheildinni.




1. mynd. Skeifárfoss á Tjörnesi er einn fossanna sem lagt er til að fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár 2020. Ljós. Sunna Björk Ragnarsdóttir, 7. júlí 2020.

1. tafla. Fossar sem lagt er til að fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár árið 2020.

Nafn	Mat
Tröllafoss	***
Glymur	***
Hengifoss og Litlanesfoss	***
Kvernufoss	***
Seljalandsfoss og Gljúfrabúi	***
Kolufossar	**
Fossar í Vatnsdalsá	**
Stuðlafoss á Jökuldal	**
Aldeyjarfoss, Ingvararfoss, og Hrafnabjargafoss í Skjálfafljóti	**
Skeifárfoss á Tjörnesi	**
Fossar í Rjúkandi, Hvalá og Eyvindarfjarðará	
Fossabrekkur í Rangárbotnum	

Á Náttúrufræðistofnun Íslands er unnið að skráningu jarðminja, þar á meðal fossa. Í framhaldi af tillögum sem hér eru lagðar fram og þegar skráning fossa verður komin vel á veg, verður hægt að fara í kerfisbundið mat á verndargildi og verndarstöðu einstakra fossa. Með slíku mati verður hægt að leggja fram ítarlegri tillögur um vernd fossa með hliðsjón af 3. gr. laga um náttúruvernd þar sem skoðuð er jarðfræði fossa, landmótun, dreifing þeirra um landið, ógnir, mikilfengleiki, sérstaða og almenn fegurðarsjónarmið.



2. mynd. Staðsetning fossa sem lagt er til að fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár 2020.

3 SELIR

Tvær tegundir sela halda til við Íslandsstrendur, landselur (*Phoca vitulina*) og útselur (*Halichoerus clypeus*). Báðum tegundum hefur fækkað mikið og eru landselir metnir í bráðri hættu (CR) en útselir í nokkurri hættu (VU) á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018–2020). Vegna bágrar stöðu sela hér við land er mikilvægt að vernda búsvæði þeirra til að tegundunum sé tryggð ákjósanleg verndarstaða, í samræmi við 2. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Svæði á landi, sem eru mikilvæg fyrir viðgang sela, ganga undir samheitinu látur og eru notuð til kæpingar, hvíldar og hárfellis (3. mynd). Kæping og hárfellir eru árstíðabundnir atburðir en í flestum tilfellum eru svæðin nýtt allt árið um kring og staðsett þar sem fæðuskilyrði eru hagstæð. Látur sela hafa verið kortlögð og er hægt að skoða í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (Gunnhildur Georgsdóttir o.fl. 2018, Náttúrufræðistofnun Íslands 2020). Talningar útsela fara fram í látrum að hausti þegar kópar eru enn í áberandi ungaseldi en aðeins kóparnir eru taldir. Landselir eru taldir þegar hárfellir fer fram í lok sumars en öll dýr eru talin (Sandra M. Granquist og Erlingur Hauksson 2019a, 2019b). Fyrirkomulag talninga er þannig að landinu er skipt upp í landsvæði og eru mörg smærri talningasvæði innan hvers landsvæðis.

3.1 Mikilvæg búsvæði útsels

Árið 2017, þegar síðasta stofnmat var gefið út, var útselsstofninn metinn 6.200 dýr en við upphaf talninga árið 1982 var stofninn áætlaður 9.200 dýr (Sandra M. Granquist og Erlingur Hauksson 2019a). Útsel hafði því fækkað um 32% á 35 árum en mesta fækkunin var eftir 1990, þá fækkaði útsel um allt að helming.

Við val mikilvægra útselslátra á náttúruminjaskrá er byggt á upplýsingum úr talningum í selalátrum. Staðsetningar látra eru miðaðar út frá talningasvæðum þar sem tölulegar upplýsingar



3. mynd. Landselir á Hvítanesi við Ísafjarðardjúp, sem er eitt þeirra svæða sem lagt er til að fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár 2020. Ljós. Ester Rut Unnsteinsdóttir, 2. júlí 2019.

um einstök látur eru lagðar saman innan hvers talningasvæðis. Tölur um fjölda sela innan hvers svæðis eru notaðar sem vísir á stærð látra og er hlutfall heildarstofns útsela á hverju landsvæði notað sem vísir á stofnbreytingar fyrir gefin tímabil (4. mynd).


Mikilvægustu kæpingarsvæði útsels, með um 92% af heildarkópaframleiðslu ársins 2017, eru við Breiðafjörð, Strandir, Skagafjörð, Surtsey og í Örafum (Sandra Granquist og Erlingur Hauksson 2019a). Einnig eru forn látur við Mýrar við norðanverðan Faxaflóa.

Útselir eru varir um sig og halda sig yfirleitt á afskekktum svæðum. Þeir fara víða um og eiga það til að flytja sig um set verði þeir fyrir truflun (Sólmundur Einarsson 1978). Því er mikilvægt að innan hvers landsvæðis sé net verndarsvæða til að tryggja viðgang staðbundinna hópa. Því er lagt til að tekið sé tillit til látra með sögu um mikinn fjölda, þó lítið hafi verið talið af útsel þar undanfarin ár. Látur, þar sem fjöldi sela fer vaxandi, eru jafnframt mikilvæg en stærð þeirra skiptir máli fyrir fjölda sela sem þau geta hýst, sem aftur hefur áhrif á verndargildi.


3.2 Mikilvæg búsvæði landsels

Íslenski landselsstofninn var metinn 9434 dýr árið 2018, þegar síðasta stofnmat var gefið út en var um 33.000 dýr þegar talningar hófust um 1980 (Sandra M. Granquist og Erlingur Hauksson 2019b). Landsel hafði því fækkað um 72% á 37 árum. Mesta fækkunin átti sér stað á áttunda áratugnum en á milli 1980 og 1989 minnkaði stofninn um rúman helming.

Við val mikilvægra landselslátra á náttúruminjaskrá er byggt á upplýsingum úr talningum. Staðsetningar látra eru miðaðar út frá talningasvæðum þar sem tölulegar upplýsingar um einstök látur eru lagðar saman innan hvers talningasvæðis. Tölur um fjölda sela innan hvers talningasvæðis eru notaðar sem vísir á stærð látra og er hlutfall heildarstofns landsela á hverju landsvæði notuð sem vísir á stofnbreytingar (5. mynd).



4. mynd. Landinu er skipt upp í landsvæði og eru talningasvæði innan þeirra. Í talningagögnum eru A–B = Faxaflói, B–C = Breiðafjörður, C–D = Vestfirðir, D–E = Norðvesturland, E–F = Norðausturland, F–G = Austfirðir, G–A = Suðurland (Sandra M. Granquist og Erlingur Hauksson 2019a). Tölurnar sýna hlutfall kópaframleiðslu útsela á hverju landsvæði samkvæmt talningum árin 1982, 2005 og 2017. Á myndinni sést að í síðustu talningum var nærri helmingur útselsstofnsins í Breiðafirði. Vaxandi hluti útsela kæpir í Surtsey, sem er innan svæðis A–G. Mesta fækkun útsela er í Faxaflóa en þar eru mikilvægustu látrín á eyjum út af Mýrum.



5. mynd. Landinu er skipt upp í landsvæði og eru talningasvæði innan þeirra. Í talningagögnum eru A–B = Faxaflói, B–C = Breiðafjörður, C–D = Vestfirðir, D–E = Norðvesturland, E–F = Norðausturland, F–G = Austfirðir, G–A = Suðurland (Sandra M. Granquist og Erlingur Hauksson 2019b). Tölurnar sýna hlutfall talinna landsela innan hvers landsvæðis árið 1980, 1998 og 2016.

Vegna bágrar stöðu landsela á Íslandi eru öll þau svæði þar sem landselir liggja í látrum talin mikilvæg fyrir viðgang stofnsins. Því er brýnt að tryggja vernd þeirra í látrum og nærliggjandi grunnsævi þar sem fæðuöflun fer fram. Landselur er útbreiddur í öllum landsfjórðungum en fjöldi og þéttleiki í látrum er þó minnstur á Norðausturlandi.


3.3 Svæðaval

Við val svæða á framkvæmdaáætlun náttúruvinnjaskrár, til verndar selastofnunum tveimur, var gengið út frá tveimur meginreglum:

1. Á einhverjum tímamarki yfir talningatímabilið (frá u.þ.b. 1980 til 2018) hafi landsvæði verið með meira en 10% af heildarstofninum og
2. Látur innan talningasvæða hafi talið 100 eða fleiri seli.

Með hliðsjón af 35. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 leggur Náttúrufræðistofnun Íslands til að látur útsela og landsela á eftirtöldum landsvæðum, fari á framkvæmdaáætlun náttúruvinnjaskrár (2. tafla).

Landfræðileg afmörkun selasvæða miðast við þekkt látur, strandlengju, eyjar og sker, ásamt 1000 m jaðarsvæði til sjávar og fjöllumörk til lands (6. mynd). Meirihluti látra/búsavæða sem lagt er til að vernda núna eru innan þeirra svæða sem Náttúrufræðistofnun Íslands lagði til að sett yrðu á B-hluta náttúruvinnjaskrár árið 2018 (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a, Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019). Lagt er til að nokkur svæði verði stækkuð lítillega til að ná yfir mikilvæg selalátur. Sjö svæði teljast ný svæði þótt skörun geti verið við fyrri tillögur til verndar vistgerðum og fuglategundum. Þau svæði sem hér er lagt til að myndi net verndarsvæða fyrir seli munu veita um 80% íslenska landselsstofnsins og um 88% íslenska útselsstofnsins vernd.



6. mynd. Afmörkun svæða sem Náttúrufræðistofnun Íslands leggur fram á B hluta náttúruvinnjaskrár til verndar landsel og/eða útsel.

2. tafla. Svæði til verndar landsel og útsel sem Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til að fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár 2020. Selir bætast við sem forsenda fyrir vali nokkurra svæða sem lögð voru fram á áætlunina árið 2018. Í sjö tilfellum hefur tillögusvæði frá 2018 verið stækkað og í sjö tilfellum eru lögð til ný svæði vegna sela sem geta skarast við tillögusvæði frá 2018.

Tillögusvæði	Landselur	Útselur	Landsvæði	Stækkun	Nýtt svæði
Hvalfjörður	×		Faxaflói	×	
Grunnafjörður	×		Faxaflói		
Mýrar–Löngufjörur	×	×	Faxaflói		
Breiðafjörður	×	×	Breiðafjörður	×	
Ísafjarðardjúp	×		Vestfirðir		×
Furufjörður–Munaðarnes	×	×	Norðvesturland		×
Húnaflói	×		Norðvesturland		×
Hóp–Vatnsdalur	×		Norðvesturland	×	
Skagi	×		Norðvesturland	×	
Málmey		×	Norðvesturland		
Úthérað	×		Austfirðir	×	
Álftafjörður–Hamarsfjörður–Papey	×		Austfirðir		×
Papafjörður–Vigur	×		Austfirðir		×
Vatnajökulsþjóðgarður	×		Suðurland		
Fjallsá–Fagurhólsmýri	×		Suðurland		
Skeiðarársandur	×	×	Suðurland	×	
Kúðafljót	×		Suðurland		×
Þjórsá	×		Suðurland		×
Stokkseyri–Eyrarbakki	×		Suðurland	×	

4 STAÐREYNDASÍÐUR FYRIR FOSSA OG SELI

Svæðin sem hér er lagt til að fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár vegna fossa og sela má skoða í kortasjá náttúruminjaskrár (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018b). Hvert svæði hefur staðreyndasíðu sem tiltekur staðsetningu, almenna svæðislýsingu, forsendur fyrir vali, aðsteðjandi ógnir, aðgerðir til verndar og núverandi vernd. Fossar fengu allir sérstakar staðreyndasíður þar sem þeim er lýst og gerð þeirra tiltekin. Á selasvæðum koma fram upplýsingar um mesta og minnsta fjölda sela, hlutfall stofns innan landsvæðis og hlutfall af heildarstofni landsins eftir því sem við á. Skarist svæðin við fyrri tillögusvæði er það tiltekið með því að vísa á staðreyndasíðu viðkomandi svæðis.

5 HEIMILDIR

- Erlingur Hauksson, Halldór Gunnar Ólafsson og Sandra Granquist 2014. *Talning útselskópa úr lofti haustið 2012*. Veidimálastofnun, VMST/14050. Reykjavík: Veidimálastofnun. www.hafogvatn.is/is/midlun/utgafa/utgafa-veidimalastofnunar/talning-utselskopa-ur-lofti-haustid-2012 [skoðað 23.4.2019]
- Gunnhildur Ingibjörg Georgsdóttir, Erlingur Hauksson, Guðmundur Guðmundsson og Ester Rut Unnsteinsdóttir 2018. *Selalátur við strendur Íslands*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 56. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf [skoðað 22.10.2020]
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html [skoðað 20.2.2020]
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a. *Náttúruminjaskrá. Tillögur á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár*. <https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra> [skoðað 22.10.2020]
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2018b. *Náttúruminjaskrá: kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands*. <https://natturuminjaskra.ni.is/> [skoðað 22.10.2020]
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2018–2020. *Válisti spendýra 2018* (uppfærður 2020). www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/spendyr/valisti-spendyra [skoðað 14.12.2020]
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2020. *Selalátur við strendur Íslands: kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands*. <https://selalatur.ni.is/> [skoðað 22.10.2020]
- Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ásrún Elmarsdóttir, Borgþór Magnússon, Guðmundur Guðmundsson, Ingvar Atli Sigurðsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Kristján Jónasson, Lovísa Ásbjörnsdóttir, Marianne Jensdóttir Fjeld, Sigmar Metúsalemsson, Starri Heiðmarsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Þóra Hrafnisdóttir og Trausti Baldursson 2019. *Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár 2018: svæðaval og ávinningur verndar*. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-19008, Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf> [skoðað 20.2.2020]
- Sandra M. Granquist og Erlingur Hauksson 2019a. *Aerial census of the Icelandic grey seal (Halichoerus grypus) population in 2017: Pup production, population estimate, trends and current status – Útselstalning 2017: Stofnstærðarmat, sveiflur og ástand stofns*. Hafrannsóknastofnun, HV20102. Reykjavík: Hafrannsóknarstofnun. www.hafogvatn.is/static/files/hv2019-02.pdf [skoðað 19.6.2020]
- Sandra M. Granquist og Erlingur Hauksson 2019b. *Population estimate, trends and current status of the Icelandic harbour seal (Phoca vitulina) population in 2018 – Landselstalning 2018: Stofnstærðarmat, sveiflur og ástand stofns*. Hafrannsóknastofnun, HV 2019-36. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun. www.hafogvatn.is/static/research/files/1575899073-hv2019-36.pdf [skoðað 19.6.2020]
- Sigurður Þórarinnsson 1978. *Fossar á Íslandi*. Reykjavík: Náttúruverndarráð.
- Sólmundur Einarsson 1978. Selarannsóknir og selaveiðar. *Náttúrufræðingurinn* 48: 129–141.